



GÆÐA- OG EFTIRLITSSTOFNUN
VELFERÐARMÁLA

Leyfi til að veita vímuvarnaraðstoð

Samhjálp, kt. 5511730389

Skútuvegur 1g, 104 Reykjavík

Hefur leyfi til að veita aðstoð með vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda með vísan til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Leyfi nr. 22 25040026 gildir frá 2. júní 2025 til 1. júní 2030.

Reykjavík, 2. júní 2025

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

[REDACTED]

Greinargerð með leyfi til að veita aðstoð með vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda skv. XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Samkvæmt 5. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála(GEV) nr. 88/2021 veitir GEV leyfi til einkaaðila sem óska eftir að veita vímuvarnaraðstoð.

Hæfni umsækjanda til að veita vímuvarnaraðstoð grundvallast á upplýsingum skv. umsókn, þ.e. upplýsingum um forsvarsmann og hæfi hans, upplýsingum um starfsfólk og hæfi þess, fjárhagslega þætti og fyrirkomulagi innra eftirlits. Jafnframt áskilur GEV sér heimild til að leita eftir upplýsingum um umsækjanda frá öðrum aðilum sem nauðsynlegar kunna að reynast til að leggja mat á umsóknina. Við mat á leyfi eru hagsmunir notenda þjónustunnar hafðir að leiðarljósi. Að mati GEV uppfyllir umsækjandi fyrirnefndar hæfniskröfur og hefur þannig sýnt fram á hæfi forsvarsmanns og starfsfólks. Jafnframt hefur umsækjandi sýnt fram á rekstrarhæfi félagsins og veitt upplýsingar um fyrirkomulag innra eftirlits.

Gildistími leyfis grundvallast á 8. og 9. gr. laga um GEV nr. 88/2021. Vakin er athygli á því að óska þarf endurnýjunar leyfis til GEV eigi síðar en átta vikum áður en gildandi leyfi rennur út.

Allir sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti GEV skulu skrá óvænt atvik skv. 1. mgr. 12. gr. laga um GEV nr. 88/2021. Með óvæntu atviki er átt við óhappatilvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa notanda þjónustu tjóni eða hefðu getað valdið notandanum tjóni. Alvarleg óvænt atvik ber að tilkynna til GEV án tafar. Með alvarlegu óvæntu atviki er átt við atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið notanda þjónustu varanlegu líkamlegu eða andlegu tjóni eða orðið honum að bana skv. 2. mgr. 12. gr. laga um GEV nr. 88/2021.